

Mánudaginn 23. desember 1940.

Nr. 14/1940. Vinnuveitendafélag Íslands f. h. Höjgaard & Schultz A/S

gegn

Verkamannafélaginu Dagsbrún.

Varadómari hrm. Jón Ásbjörnsson í stað Kjartans Thors

Mál út af ágreiningi um uppsögn á kjarasamningi.

Dómur.

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu dags. 6. þ. m. af Vinnuveitendafélagi Íslands f. h. firmans Höjgaard & Schultz A/S gegn Verkamannafélaginu Dagsbrún í Reykjavík. Eru dómkröfur stefnanda þær, að það verði viðurkennt með dómi réttarins að ógild sé uppsögn stefnda dags. 29. okt. s. l., þar sem upp er sagt frá 1. jan. 1941 gildandi samningi milli aðilja máls þessa um flutning verkamanna til vinnustöðva við Hitaveitu Reykjavíkur frá Reykjavík til Reykja í Mosfellsveit. Þá krefst stefnandi og málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Málavextir eru þessir:

Hinn 21. október 1939 var gerður munnlegur samningur milli Verkamannafélagsins Dagsbrúnar og firmans Höjgaard & Schultz A/S um það á hvaða tíma og hvaða stöðum þeir verkamenn skyldu mæta til vinnu, sem unnu við Hitaveitu Reykjavíkur, en nefnt firma hefur á hendi framkvæmd bennar. Var vegalengdinni frá Reykjavík til Reykja í Mosfellsveit skipt í þrjú svæði og voru samningsákvæðin mismunandi eftir því í hvaða svæði unnið var. Þenna munnlega samning staðfesti firmað Höjgaard & Schultz A/S með bréfi dags. 23. okt. f. á., en sem sent var þáverandi formanni Dagsbrúnar með bréfi dags. 8. nóv. f. á. Með bréfi dags. 22. nóv. f. á. staðfestir stefndi þenna samning með nokkrum breytingum þó, og er á þær fallizt af firmanu með bréfi dags. 27. nóvember f. á. En í því bréfi er jafnframt stungið upp á því, að burtfarartími verkamanna héðan úr bænum, þegar unnið er á svæðinu frá „landamærunum“ við Grafarholt að

Reykjum, en hann var áætlaður mismunandi eftir því, hvar á svæðinu er unnið, skuli verða nokkur annar en tiltekið var í bréfi Dagsbrúnar frá 22. nóv. f. á. Er vinna hófst við hitaveituna s. l. vor virðist hafa verið fylgt uppástungum Højgaard & Schultz frá 27. nóv. f. á. um burtfarartíma þeirra verkamanna er unnu á því svæðinu, er fjærst var bænum. S. l. sumar lenti í stappi milli aðilja máls þessa út af burtfarartímanum og lauk þeim málum á þann veg, að 2. sept. s. l. gerðu þeir skriflegan framhaldssamning viðvíkjandi brottfarartíma, þegar verkamenn vinna á svæði því, er fjærst er Reykjavík, og er í samningi þessum vísað til bréfs stefnanda frá 27. nóv. f. á. en það má að öðru leyti telja loka- staðfestingu hinna eldri samninga.

Með bréfi dags. 29. okt. s. l. tilkynnir stefndi firmanu Højgaard & Schultz A/S að trúnaðarráð Dagsbrúnar hafi ákveðið að segja upp gildandi samkomulagi um flutninga verkamanna til vinnustöðva á leiðinni Reykjavík—Reykir í Mosfellssveit og vísar þar um til bréfaskipta aðilja í nóvember 1939 og samkomulags frá 2. sept. s. l. Jafnframt tilkynnir stefndi að lögmatúr félagsfundur hafi samþykkt ákvörðun þessa og segir upp nefndum samningum frá og með 1. jan. 1941. Með bréfi dags 1. nóv. s. l. mótmælir firmað Højgaard & Schultz að taka uppsögnina til greina og þar sem stjórn Dagsbrúnar vildi ekki fallast á þá skoðun stefnanda, höfðaði hann mál þetta til ógildingar uppsögninni og eru dómkröfur hans þær, sem að framan greinir.

Stefnandi býggir kröfur sínar fyrst og fremst á því, að framannefndur samningur hafi verið gerður fyrir ákveðið verk, alla framkvæmd hitaveitunnar frá Reykjavík að Reykjum í Mosfellssveit og sé því óuppsegjanlegur meðan það verk stendur yfir. En til vara telur hann, að ef samningurinn yrði talinn uppsegjanlegur yrði sú uppsögn að vera í samræmi við ákvæði 6. gr. laga nr. 80/1938 og með því að engin uppsagnarákvæði séu í samningnum sjálfum verði honum fyrst sagt upp með þriggja mánaða fyrirvara miðað við 2. sept. n. k., þar sem núgildandi samningur verði að teljast gjörður 2. sept. s. l., þegar framhaldssamningurinn var gerður. En stefnandi telur að ekki komi til mála að uppsagnarákvæði 12. liðs 2. gr. laga nr. 51 frá 12. febr 1940 geti átt hér við, þar sem ekki sé hér um slíkan samning að ræða, er nefnt lagaákvæði taki til.

Sýknukröfu sína byggir stefndur á því, að það beri aðeins að líta á frammanfnda samninga sem bráðabirgða samkomulag, er segja megi upp fyrirvaralaust hvenær sem er, þótt það sé hins vegar oft svo að slíkum bráðabirgðasamningum sé sagt upp með nokkrum fyrirvara. Sé því uppsögnin gild þegar af þeirri ástæðu.

Þá telur stefndur að þótt að fyrirvaralaus eða fyrirvaralítil uppsögn frammanfnds samnings væri talin óheimil þá leiddi þó ákvæði 12. liðs 2. gr. laga nr. 51/1940 til þess, að heimilt væri að segja upp þessum samningi með þeim uppsagnarfresti, er þar er settur, þar sem hann fjallar um kaup og kjör.

Með framangreindum bréfaskiptum málsaðilja í október og nóvember f. á. og samningi þeirra 2. sept. s. l. má telja að stofnast hafi milli þeirra skriflegur vinnusamningur samkv. 6. gr. laga nr. 80/1938. Er því ekki hægt að fallast á þá staðhæfingu stefnda að hér sé um bráðabirgðasamkomulag að ræða, sem segja megi upp fyrirvaralaust. Samningurinn inniheldur hins vegar ekki nein ákvæði um það til hve langs tíma hann gildi né heldur um það með hve löngum fyrirvara honum verði sagt upp. Engin þau ákvæði eru í honum, að dregin verði af þeim sú ályktun, að hann hafi átt að gilda fyrir allt verkið, þ. e. alla framkvæmd hitaveitunnar hversu lengi sem hún stæði yfir. En slíkt atriði er þess eðlis, að það hefði þurft að koma skýrt fram, ef tilætlun samningsaðiljanna var að samningurinn væri óuppsegjanlegur meðan framkvæmd hitaveitunnar stæði yfir. Er því ekki hægt að byggja ógildingu uppsagnarinnar á þessari ástæðu.

Kemur þá til athugunar sú varnarástæða stefnda að uppsögnin hafi verið heimil samkvæmt 12. lið 2. gr. laga nr. 51/1940. Á það verður þó ekki fallizt þar eð samningur sá, er hér um ræðir lýtur ekki að kaupgjaldi.

Eins og áður segir er samningur sá, er um ræðir í máli þessu vinnusamningur í merkingu 6. gr. laga nr. 80/1938. Hann inniheldur ekki nein ákvæði um uppsagnarfrest eða samningstíma. Samkvæmt framansögðu fellur hann ekki undir hin sérstöku uppsagnarákvæði laga nr. 51/1940. Ber því að fara eftir 6. gr. laga nr. 80/1938 um uppsögn á honum nema aðiljar komi sér saman um annað og verður að telja, að honum verði nú fyrst sagt upp með þriggja mánaða fyrirvara miðað við 2. sept. 1941. Var framangreind upp-

sögn stefnda dags. 29. okt. þ. á. því ógild og ber að taka kröfu stefnanda um ógildingu uppsagnarinnar til greina.

Eftir atvikum þykir mega láta málskostnað falla niður.

Dvi dæmist rétt vera:

Uppsögn verkamannafélagsins Dagsbrúnar, dags. 29. okt. þ. á., þar sem sagt er upp frá og með 1. jan. 1941 samningi félagsins við firmað Højgaard & Schultz, um flutning verkamanna til vinnustöðva við Hitaveitu Reykjavíkur á leiðinni frá Reykjavík til Reykja í Mosfellssveit, skal vera ógild.

Málskostnaður falli niður.

Sératkvæði Sigurjóns Á. Ólafssonar.

Ég skrifa undir með þeim fyrirvara, að ég get ekki fallið á þann skilning meiri hlutans á 12. lið 2. gr. laga nr. 51 frá 12. febrúar 1940, að uppsagnarheimildin taki aðeins til kaupgjaldsákvæða vinnusamninga. Þessu til stuðnings vísa ég til meðferðar málsins á Alþingi svo og þeirrar almennu reglu, að öll ákvæði vinnusamninga séu hvort öðru svo háð og bundin, að engin þeirra öðrum fremur verði talin kaupgjaldsákvæði.